

## Fjölmiðlar fylgja lögmætu mafunni að málum. Fjölmiðlavændi

Nýlega sagði hinn kunnir bandaríski fjölmiðlamaður, Tucker Carlson, á þessa þeið: Ég hef alltof lengi tekið þátt í útskúfunarlygamenningu fjölmiðlanna, þar sem þeir, er okkur þótti öðruvísi og ótilhlýðilega þenkjandi, voru sagðir samsæriskenningsmiðir.

Eini tilgangur fjölmiðla er að ljúga og blekkja. Það er ekki tilgangur þeirra að upplýsa um covid-19, efnahaginn og gang heimsmála, til dæmis, hin stóru mál. Þeir eru í þjónustu fámenns hóps manna sem í raun stjórnar veröldinni, Fjölmiðlar eru þjónar þeirra og lífverðir. Þeir eiga ekkert nema fyrirlitningu skilið.

Þessi fámenni hópur, sem Tucker talar um, á sér mörg nöfn eins og kært barn, m.a.: Þriggja hundraða ráðið, Hin lögmæta mafia, Hinir útvöldu og Ljósálfarnir (Illuminati). Þá er í hnotskurn átt við auðkýfingaættir, sem standa á gömlum mergi, m.a. Rauðskjöldungar (Rothschild) og „Svarti aðalinn.“

Þeir gömlu sameinast hinum nýríku í alls konar hugveitum og alþjóðlegum samtökum eins og Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum), í viðleitni sinni til að ná enn þá betra taki á oss, aumingjunum. Hópurinn á fulltrúa víða í ríkisstjórnnum og stjórnsýslu.

Tucker fetar í fótspor annars blaðamanns, sem hefur helst úr lygalestinni, hins þýska Udo Ulfkotte (1960 – 2017). Skömmu áður en hann varð bráðkvaddur, kom hann með þessa játningu:

„Ég hef verið blaðamaður í aldarfjórðung. Ég var menntaður til að ljúga, svíkja og fela sannleikann fyrir almenningi. En nú er nóg komið og engin leið til baka, þegar ég verð vitni að því, hvernig þýskir og bandarískir fjölmiðlar leitast við að efna til stríðs í heimahögum Evrópubúa og eggja til stríðs við Rússa.

Ég spyrni við fótum og játa fyrri mistök, þ.e. að hafa fólk að ginningarfíflum og semja áróður gegn Rússum. Starfsbræður og -systur hafa rangt við nú sem endranær. Þeim er mútað til að svíkja fólk, ekki einungis í Þýsklandi, heldur um alla Evrópu.“

Í neðangreindu viðtali lýsir Udo, hvernig fjölmiðlaheimurinn lítur út að tjaldabaki. Þar deila og drottna auðmenn, eigendur fjölmiðlanna síðustu öldina eða svo, og panta heimildalausar, upplognar áróðursgreinar, sem styðja við stefnu þeirra og völd. Leyniþjónusturnar – sér í lagi hin bandaríska, CIA – eru oft og tíðum potturinn og pannan í slíkri fjölmiðlun.

Það er svo sem ekki að undra, að Udo hafi fengið hjartaáfall, sem dró hann til dauða. Það er hjartnæmt að heyra hann lýsa æðruleysi sínu: Koma það sem koma vill. Ég hef ekki lengur fyrir börnum að sjá og hef tvisvar fengið hjartaáfall. Mér er ljóst, að uppljóstranir mínar hafi ekkert nema erfiðleika í för með sér.

Udo gaf út bókina „Blaðamenn til leigu“ (Gekaufte Journalisten). Hún er til í enskri þýðingu: „Journalists for hire. How the CIA Buys the News.“ Norski rithöfundurinn, Lars Birkelund, pantaði verkið hjá Amazon fyrir sex árum síðan. Hún er ekki komin enn.

Udo fetar í slóð landa síns, sem sumir hinna eldri lesenda kynnu að muna eftir, Hans Günter Wallraff (f. 1942), rithöfundi og blaðamanni. Hann gaf einnig alþýðu manna innsýn í fjölmiðlasóðaskapinn fyrir áratugum síðan.

Áhugi manna á „fjölmiðlavændi“ er þó hvergi nærri nýr af nálinni eins og ýjað er að. Árið 1998 skrifuðu t.d. Norðmennirnir Björn Nilsen og Finn Sjøe bókina, „Dulda dagskrá. Fjölmiðlarnir og leyniþjónusturnar“ (Skult dagsorden: Mediene og de hemmelige tjenestene). Þar er m.a. að finna játningar bandarísks leyniþjónustumanns um ráðningar málaliða úr norskri blaðamannastétt.

<https://steigan.no/2020/08/udo-ulfkotte-brente-alle-broer/>

[https://www.b92.net/eng/news/world.php?nav\\_id=113347](https://www.b92.net/eng/news/world.php?nav_id=113347)

<https://www.youtube.com/watch?v=kAaFEOCHE4I&t=9s>  
<https://www.youtube.com/watch?v=kAaFEOCHE4I&t=9s>

<https://www.youtube.com/watch?v=O3AW2YFbqJE>

<https://www.dailymotion.com/video/x2h265y>

[https://www.youtube.com/watch?v=App8hfb\\_e1U](https://www.youtube.com/watch?v=App8hfb_e1U)